

Íslandsfugl ehf
Heimir Guðlaugsson
Hafnarbraut 15
620 Dalvík

2001040039
6400; 9310

Reykjavík, 18. apríl 2001
/ÞFP

Efni: Alifuglasláturhús Íslandsfugl, Dalvíkurbyggð. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Íslandsfugls dags.6. apríl 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhugað alifuglasláturhús Íslandsfugls að Hafnarbraut 15, Dalvíkurbyggð samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 7 f í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra með bréfi dags. 10. apríl 2001.

Umsagnir bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 6. apríl 2001 og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 10. apríl 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Framkvæmdin felst í byggingu kjúklingaafurðastöðvar og er hluti hennar sláturhús þar sem gert er ráð fyrir að slátra um 2.000 fuglum á dag eða um 3 tonna framleiðslu á sólarhring (Munnl. uppl. Heimir Guðlaugsson 10. apríl 2001) og 650 tonnum á ári. Hluti húsnæðis er til staðar, nr. 15 við Hafnarbraut (áður rækjuverksmiðja), en gert er ráð fyrir viðbyggingu og verður húsið á lóðunum Hafnarbraut 7, sem er um 5320 m² og Hafnarbratu 9, um 570 m² skv. tillögu að auglýstu deiliskipulagi. Lóðirnar eru á svæði sem er skilgreint í gildandi aðalskipulagi undir blandaða starfsemi en íbúðarhús eru handan Hafnarbrautar.

Öllum afskurði sem og blóði verður safnað saman í lokuðu kerfi, sem tengist vinnslulínu, í þar til gerðan gám og tank og er fyrirhugað að nýta til framleiðslu á loðdýrafóðri.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARADILA

Í bréfi bæjarstjóra Dalvíkurbyggðar, dags. 6. apríl 2001, kemur fram að umhverfisráð,

bæjarráð og bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar hafa fjalla um alla þætti í starfsemi fyrirtækisins frá því að beiðni barst um staðsetningu þess í Dalvíkurbyggð. Þegar fyrir lá að ekki voru forsendur fyrir mati á umhverfisáhrifum vegna eldihúss á Ytra-Holti, hefur aldrei komið til álita af hálfu bæjaryfirvalda að önnur hús og starfsemi í þeim kæmu til álita vegna mats á umhverfisáhrifum. Bókun bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar frá 27. mars sl. var gerð í þeirri trú að þar væri um endanlega afgreiðslu á málinu að ræða.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, dags. 10. apríl 2001, kemur fram að stofnunin álitur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 2. og 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í bréfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, dags. 6. apríl 2001, kemur fram að blóði verði safnað í lokað fráveitukerfi og annað fráveituvatn hreinsað í þar til gerðri skilvindu og síðan leitt um fituskilju og í fráveitu Dalvíkurbæjar. Fyrirhugaðar mengunarvarnir og verklag Íslandsfugls ehf. vegna sláturhúss og kjötvinnslu á Dalvík fullnægi starfsskilyrðum heilbrigðisnefndar fyrir slíka stafsemi dags. 15. október 1997. Í starfsleyfisumsókn, er fylgdi bréfinu, kemur m.a. fram að sett verði upp skilvinda fyrir frárennsli er flokkar frá agnir stærri en 1 mm.

Starfsleyfistillögur hafa verið auglýstar og er athugasemdafrestur til 10. maí 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða kjúklingaafurðastöð með sláturhús fyrir um 2.000 fugla eða um 3 tonna framleiðslu á sólarhring og allt að 650 tonn á ári sem er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 7 f í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað alifuglasláturhús Íslandsfugls á Dalvík sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2001.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið

Dalvíkurbyggð

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

